

**Nd.**

**605. Breytingartillögur**

[54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Við 6. gr. 5. mgr. falli brott.
2. Við 13. gr. Síðari mgr. orðist svo:  
Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum.
3. Við 48. gr. Í stað orðsins „byggðarráð“ í 1. mgr., og hvarvetna annars staðar í frv., komi: framkvæmdastjórn.
4. Við 56. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Framkvæmdastjórn fer ásamt framkvæmdastjóra sveitarfélags með yfirstjórn framkvæmda og fjármála að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Framkvæmdastjórn hefur umsjón með stjórnáætlun sveitarfélagsins almennt og fjárstjórn þess sérstaklega, undirbýr fjárhagsáætlanir og sér um að reikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt.
5. Á eftir VIII. kafla laganna komi nýr kafli er orðist svo:

**IX. KAFLI**

**Um sýslufélög.**

97. gr.

Sýslunefnd er samstarfsnefnd sveitarfélaga í sýslunni og hlutverk hennar er:

1. Að annast ýmis þau verkefni sem nú eru falin sveitarfélögum en eru ofviða einu sveitarfélagi þannig að tvö eða fleiri þurfa að vinna saman.
2. Að stjórna málum sem varða alla sýsluna, svo og gera tillögur um hvaðeina sem má verða sýslu og sýslubúum til gagns og hagsældar.
3. Að setja reglugerðir sem gilda eiga fyrir sýsluna í heild.
4. Að hafa umsjón með vegamálum samkvæmt vegalögum.
5. Að gefa álitserðir um mál tengd einstökum hreppum eða sýslunni í heild, enda verði engu slíku máli til lykta ráðið nema álitserð sýslunefndar liggi fyrir.
6. Að tilnefna þrjú hreppstjóraefni þegar þess þarf með.
7. Að vinna gegn og afstýra afleiðingum hallæris og gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi.
8. Að hafa yfirumsjón með almannavörnum.
9. Önnur þau störf er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

98. gr.

Öll sveitarfélög eiga fulltrúa í sýslunefnd. Fulltrúafjöldi í sýslunefnd fer eftir íbúafjölda sveitarfélags. Sveitarfélög með 350 íbúa og færri skulu eiga einn fulltrúa í sýslunefnd. Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja 350 íbúa.

99. gr.

Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í sýslunefnd úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir sveitarstjórnarkosningar. Kjörtímabil sýslunefndarfulltrúa er 4 ár.

Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu við kjör fulltrúa í sýslunefnd ef ósk kemur fram um það í sveitarstjórn. Um forföll aðal- og varamanna fer skv. 60. gr.

100. gr.

Um réttindi og skyldur sýslunefndarmanna gilda ákvæði IV. kafla laga þessara eftir því sem við á.

Sýslunefnd skal setja sér samþykkt um fundarsköp, stjórn og starfshætti er senda skal ráðuneytinu til staðfestingar. Sýslunefnd getur falið sýslumanni oddvitastarf sýslunefndar. Situr hann þá sýslufundi og stjórnar þeim með málfrelsi og tillögurétti, en án atkvæðisréttar.

Nú ákveður sýslunefnd að kjósa annan oddvita en sýslumann og skal það þá gert á fyrsta fundi hennar. Um kjör oddvita fer eftir 46. gr.

101. gr.

Oddviti sýslunefndar boðar hana til fundar eins oft og þurfa þykir. Oddviti ákveður fundarstað hafi sýslunefnd ekki gert það.

102. gr.

Tekjur sýslusjóða skulu vera álögð aðstöðugjöld og tekjuskattur af félögum í hverri sýslu. Það sem á vantar að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum skal jafnað niður á sveitarfélögin, að þriðjungi eftir íbúatölu, að þriðjungi eftir álögðum fasteignarskatti og að þriðjungi eftir álögðum útsvörum í sveitarfélögunum. Miða skal við álagningu þess árs þegar greiðsluáætlun er samin.

103. gr.

Sýslunefnd skal hafa samið greiðsluáætlun fyrir nóvemberlok ár hvert svo að sveitarstjórnir geti haft hliðsjón af henni við samningu áætlana sinna. Reikningshaldari sýslunefndar sér um fjárreiður hennar. Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði nema heimild sýslunefndar komi til.

Um bókhald sýslufélaga gilda lög um bókhald eftir því sem við á. Reikningar sýslusjóðs skulu lagðir fyrir sýslunefnd í síðasta lagi í apríl.

104. gr.

Sýslunefnd kýs endurskoðanda úr sínum hópi til þess að endurskoða reikninga nefndarinnar og stofnana á vegum hennar. Einnig getur hún falið löggiltum endurskoðendum að annast endurskoðunina.

105. gr.

Sýslumenn eru skyldir að annast bókhald sýslusjóðanna og greiðslur og innheimtur þeirra vegna ef sýslunefndin samþykkir að svo skuli verða.

106. gr.

Sýslunefnd getur kosið sýsluráð. Fer það þá eftir sömu reglum og segir um framkvæmdastjórn í 55. gr. eftir því sem við á.

107. gr.

Sýslunefnd skal stuðla að sem nánastri samvinnu sveitarfélaga. Komi upp ágreiningur sem ekki næst samkomulag um skal sýslunefnd úrskurða um málið. Þeim úrskurði má áfrýja til ráðherra og dómstóla.

6. Við 97. gr. sem verður 108. gr. Greinin orðist svo:  
Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna.  
Ef sveitarfélögum er í lögum ætluð verkefni sem þeim er um megn að leysa hverju fyrir sig skulu þau hafa samstarf um framkvæmd þeirra.
7. Við 98. gr. sem verður 109. gr.
  - a. 1. og 2. mgr. orðist svo:  
Sé um að ræða varanlegt samvinnuverkefni sveitarfélaga, svo sem rekstur skóla og heilbrigðisstofnana eða brunavarnir, geta sveitarfélög myndað um þau formleg félög er nefnast hverfi, svo sem skólahverfi, heilbrigðishverfi eða brunavarnahverfi.  
Í samningi, sem gera skal um slík hverfi, skulu m.a. vera ákvæði um stjórn og kjör fulltrúa, fjölda þeirra, kjörtímabil, um varafulltrúa og annað sem máli skiptir í því sambandi.
  - b. Í stað orðsins „byggðasamlags“ í 3., 4. og 5. mgr. greinarinnar, svo og öðrum gr. frv., komi: hverfis.